

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 39/2011****2011/EES/37/33****frá 1. apríl 2011****um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2009 frá 4. desember 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/24/EB frá 23. apríl 2009 um lögvernd fyrir tölvuforrit (kerfisbundin útgáfa) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/24/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 91/250/EBE ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Textinn í 5. lið (tilskipun ráðsins 91/250/EBE) í XVII. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32009 L 0024**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/24/EB frá 23. apríl 2009 um lögvernd fyrir tölvuforrit (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 111, 5.5.2009, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/24/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 43, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 42.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 111, 5.5.2009, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 122, 17.5.1991, bls. 42.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.